



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
50 ára afmælishátíð
Kvennaheimilisins Hallveigarstaða
19. júní 2017**

Vigdís Finnbogadóttir,
fulltrúar kvennasamtaka,
formaður húsnefndar Hallveigarstaða,
aðrir góðir gestir

Ég þakka þann heiður að fá að ávarpa ykkur hér, þegar við fögnum fimmtíu ára afmæli Hallveigarstaða. Vel var til fundið fyrir hálfri öld að kenna þetta hús við Hallveigu Fróðadóttur, konu Ingólfs Arnarsonar. Víst er það svo að í dag dregur fræðafólk margt í efa sem stendur í fornum sögum um þau hjón og ferð þeirra til Íslands. Þeir eru meira að segja til sem leiða að því líkur að Ingólfur hafi ekki verið til, að sögur um hann séu tilbúningur seinni tíma manna, og væntanlega á það þá líka við um Hallveigu.

Óþarft væri þó að láta minningar og sagnir falla í gleyskunnar dá. Þannig eigum við ýmsar frásagnir af kvenskörungum, konum sem réðu sér sjálfar og höfðu úrslitaáhrif í átökum karlanna og illdeilum. Einkum gátu eiginkonur höfðingja verið atkvæðamiklar og þær stýrðu einatt búi innan stokks. „Engin hornkerling vil ég vera,“ segir Hallgerður Langbrók í Njálu. Hitt er þó skýrt að fyrstu aldir Íslandsbyggðar fór lítið fyrir kvenfrelsi í því samfélagi sem þá var í mótun. Karlar réðu, þeir nutu forréttinda að lögum, og dætur voru þá gjarnan gefnar í ljósi hagsmuna. Í bókinni Fjarri hlýju hjónasængur – einu skemmtilegasta sagnfræðiriti seinni ára – skrifaði Inga Huld Hákonardóttir um þann leik: „Konur voru ráðstöfunargóss ætta sinna, eins konar jarðtengd kjarabréf sem reynt var að fá sem besta ávöxtun á.“

Réttinn til að hafna eiginmanni fengu konur líkast til með Kristinrétti Árna biskups Þorlákssonar á þrettánda öld og áfram voru til kraftmiklar konur og voldugar. „Eigi skal gráta Björn bónda heldur leita hefnda,“ mælti Ólög ríka Loftsdóttir. Öðru máli gegndi þó um óbreyttar almúgakonur. Því hefur verið haldið fram að um alla Evrópu á fyrri öldum hafi karlar jafnan komið fautalega fram við konur sínar og samfélagið veitti lítið skjól. Til dæmis hefur Vilborg Auður Ísleifsdóttir sagnfræðingur sagt okkur frá íslenskri konu sem var uppi á öndverðri sextánda öld; hún flúði heimilisofbeldi og fékk skjól á Kirkjubæjarklaustri en abbadísinn var áminnt um að senda hana til síns heima því að barsmíðar væru engin skilnaðarsök.

Sama átti við um nauðung á sviði kynlífs. Undanfarna daga hafa kynferðisbrot verið mikið til umræðu á Íslandi. Slíkir glæpir vekja að sjálfsögðu reiði fólks, ekki síst þegar börn verða fyrir þeim. Ég komst svo að orði í síðustu viku að líklega freistuðust flestir Íslendingar fyrst til að hugsa að helst ættu kynferðisglæpamenn að vera lokaðir inni um aldur og ævi en að við byggjum í réttarríki. Reiði má ekki ráða örlögum brotamanna, heldur lög. Aftur á móti eru lög okkar ekki meitluð í stein, sem betur fer. Þau þarf að túlka og þeim er breytt eftir því sem samfélagið þróast og sýn okkar á rétt og rangt þar með. Ekki viljum við brennimerkja glæpamenn að fyrri tíðar sið, hengja karla og drekkja konum, en ekki viljum við heldur þola kynjamisrétti, kynferðisofbeldi og þá kúgun kvenna sem ríkti um aldir.

Kæru vinir: Mörg ykkar sem hér eruð hafið helgað krafta ykkar jafnréttisbaráttunni. Fyrir það eigið þið þakkið skildar. Í öflugu og framsæknu velferðarsamfélagi ríkir jafnrétti á öllum sviðum. Margt hefur breyst til batnaðar á Íslandi á þeirri hálfu öld sem liðin er frá því Hallveigarstaðir risu. Um það leyti vann um helmingur kvenna utan heimilis, meðallaun þeirra tæpur helmingur af launum karla. Konur sáu stórt varla í valdastöðum. Nú er öldin önnur og margra tímamóta má minnast, kvennafríðagsins 1975, kjörs Vigdísar, árangurs kvennaframboða. Þessa sögu þekkið þið betur en ég, hún er sagan ykkar en hún er líka sagan mín, saga minnar kynslóðar, saga stúlkna okkar og drengja sem munu erfa landið og gera það enn betra. Því það verður alltaf verk að vinna. Það þarf áfram að vera rúm hér á Hallveigarstöðum fyrir ferskar hugmyndir, ferskar kröfur, konur og samtök sem vilja láta að sér kveða. Gangi ykkur allt í hagin og til hamingju með daginn!